

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. mars 2017
UST201703-129/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn. Rannsóknna- og leitarleyfi - Reykjaneshryggur – Norðurland. Umsögn

Við er til bréfs Orkustofnunar dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Fyrirtækið North Tech Energy ehf. sækir um rannsóknar- og leitarleyfi til að afla upplýsinga til að meta ætluð háhitasvæði á Reykjaneshrygg og svæði undan Norðurlandi til orkuframleiðslu.


Fyrirhugaðar rannsóknir felast að mestu í kortlagningu og greiningu jarðlaga á hafsbotni með ýmsum aðferðum. Að lokum verður hugsanlega ráðist í tilraunaboranir og afkastamælingar frá borpalli sem líklega verður látinn standa á sjávarbotni. Talið er að ummerki um þessar rannsóknir á hafsbotni verði mjög litlar. Ef ráðist verður í borun vinnsluhola verður slík framkvæmd tilkynnt til Skipulagsstofnunar og Orkustofnunar.

Hér er aðallega um að ræða rannsóknir sem hafa munu hverfandi áhrif á hafsbotninn, nema þegar að rannsóknarborunum kemur en talið er að áhrif borana á hafsbotninn verði lítil.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sverrir Jónsson
Sérfræðingur